



Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík

Dagur umhverfisins
Aukin endurvinnsla

Dagur umhverfisins er haldinn hátíðlegur 25. apríl ár hvert, á fæðingardeggi Sveins Pálssonar læknis og náttúrufræðings í Suður-Vík, fyrsta íslenska náttúrufræðingsins og þess manns sem einna fyrstur hvatti til aðgerða gegn skógareyðingu á Íslandi og orðaði þá hugsun sem nú kallast sjálfbær þróun.

Umhverfisráðuneytið hefur ákveðið að tileinka Dag umhverfisins í ár endurnýtingu og hefur hvatt sveitarfélög til að minnst dagsins til dæmis með að fræða íbúa um möguleika til endurvinnslu og framtíðarsýn í úrgangsmálum.

Núverandi fyrirkomulag sorphirðu og sorpförgunar í Mýrdalshreppi þekkja flestir íbúar. Heimilissorpi er safnað á 14 daga fresti yfir veturinn og á 7 dags fresti yfir sumarið. Almennum rekstrarúrgangi er safnað frá þeim fyrirtækjum sem þess óska á 7 eða 14 daga fresti. Þetta sorp er flutt til urðunar á urðunarstað Mýrdælinga og Eyfellinga á Skógasandi.

Tekið er á móti öðrum úrgangi á gámavelli við Smiðjuveg í Vík. Brotjárn, dagblaðapappír og mjólkurfurnur sem þangað berast er flutt til endurvinnslu og spilliefni eru flutt til eyðingar. Annað sorp er urðað á urðunarstað við Uxafótarlæk.

Þetta fyrirkomulag er barn síns tíma og óhjákvæmilegt er að taka upp annað og nútímalegra fyrirkomulag og stórauka endurvinnslu. Unnið er að endurskoðun samnings um sorphirðu milli Mýrdalshrepps og verktaka og er við þá vinnu lögð mikil áhersla á aukna endurvinnslu.

Helstu breytingar sem gera má ráð fyrir að verði á fyrirkomulagi sorphirðu og sorpförgunar á næstu mánuðum eru eftirfarandi:

Heimilissorpi verður safnað á 14 daga fresti árið um kring ef það hefur í för með sér sparnað fyrir sveitarfélagið/íbúa – verði ekki

um töluverðan sparnað að ræða verður áfram safnað á 7 daga fresti yfir sumarið. Fyrirtæki verða þjónustuð með sama hætti og nú er. Heimilissorp og samsvarandi rekstrarúrgangur verður áfram urðað á Skógasandi enda eru þar frá náttúrunnar hendi afar hagstæðar aðstæður til urðunar.

Byggingarúrgangur og timbur verður áfram urðað við Uxafótarlæk enda eru enn ekki til raunhæfar endurvinnsluleiðir fyrir þennan úrgang,

Garðaúrgangur verður látinn jarðgerast við Uxafótarlæk og trjágreinar verða kurlaðar og kurlið notað í göngustíga.

Til eru raunhæfar endurvinnsluleiðir fyrir flesta aðra úrgangsflokka og gert er ráð fyrir að þeir möguleikar verði nýttir til fullnustu. Þannig verða dagblöð og tímarit, hjólbarðar, málmar, flöskur og dósir, pappi og drykkjarfurnur, landbúnaðarplast og plastumbúðir flutt til höfuðborgarsvæðisins og flest af þessu síðan úr landi og endurunnið.

Íbúar Mýrdalshrepps geta þannig lagt sitt af mörkum til umhverfismála með því að flokka frá endurvinnanlegan úrgang og skila honum á gámavöll og staðið þannig jafnfætis íbúum þeirra sveitarfélaga sem lengst eru komin í nútímalegri meðhöndlun úrgangs.

Ef svo fer sem horfir ætti þetta nýja fyrirkomulag ekki að verða til kostnaðarauka fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

Á bakhlið þessa snepils má finna töflu sem sýnir úrgangsflokka og fyrirhugaða ráðstöfun úrgangs.

24. apríl 2005

Með kveðju,
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

B1) Lífrænn úrgangur

Garðaúrgangur
Dagblöð/tímarit
Timbur
Heimilisúrgangur
Rekstrarúrgangur

Söfnun/móttaka

Móttekið í gám á gámavelli
Móttekið í gám á gámavelli
Móttekið í gám á gámavelli
Safnað frá heimilum
Safnað eða móttekið í gám á gámavelli

Ráðstöfun

Flutt til jarðgerðar við Uxafótarlæk
Flutt til endurvinnslu
Flutt og urðað við Uxafótarlæk
Flutt til urðunar á Skógasandi
Flutt til urðunar á Skógasandi

B3) Grófur úrgangur

Hjólbarðar
Málmar
Byggingarúrgangur

Söfnun/móttaka

Móttekið í haug á gámavelli
Móttekið í gám / haug á gámavelli
Móttekið í gám á gámavelli

Ráðstöfun

Flutt til endurvinnslu
Flutt til endurvinnslu
Flutt og urðað við Uxafótarlæk

B4) Umbúðaúrgangur

Flöskur og dósir
Sléttur pappi, drykkjarfernur
Landbúnaðarplast
Bylgjupappi
Plastumbúðir

Söfnun/móttaka

Í flöskumóttöku á vegum verktaka
Móttekið í gám á gámavelli
Safnað frá bændum
Móttekið í gám á gámavelli
Móttekið í gám á gámavelli

Ráðstöfun

Flutt til endurvinnslu
Flutt til endurvinnslu
Flutt til endurvinnslu
Flutt til endurvinnslu

B6) Annar úrgangur

Spilliefni

Söfnun/móttaka

Í móttöku á vegum verktaka

Ráðstöfun

Flutt til eyðingar